

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Vesturvegar 4.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. september 2020 óverulega breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. mars 2020.

Í breytingunni felst að landnotkun á lóðinni Vesturvegur 4 er breytt í verslun og þjónustu þar sem heimil verður minni háttar atvinnustarfsemi í bland við búsetu, svo sem gistiheimili og veitingahús.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 24. september 2020.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2020